

Kennsluáætlun

Stærðfræði í 2. bekk

Í stærðfræði eru 5 kennslustundir á viku í 2. bekk. Kennari er Jakobína Gunnarsdóttir Michelsen.

Vinnulag

Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti. Nemendur vinna ýmist í nemendabókum, ýmis aukaverkefni, vinna í Ipad og tölvum, PALS og fást við hlutbundna vinnu með áþreifanlegum hjálpartækjum s.s. smáhlutasöfnum, kubbum, formum o.fl. Nemendur skila heimanámi samkvæmt áætlun.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru: tölurnar 0-100, samlagning og frádráttur, tölfræði, lengdarmælingar. Meginviðfangsefni vorannarinnar eru: samhverfa, sléttar- og oddatölur, reikningur með tölum upp í 100, flatarmál, marghyrningar og hringir, rúmfræðiform.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Tölur	Sproti 2a og 2b PALS Osmo	Nemandi getur ... <ul style="list-style-type: none"> • sameinað og skipt tveggja stafa tölum í tugi og einingar. • táknað tölur á ýmsa vegu, með tölustöfum, peningum, kubbum, á talnalínu o.s.fv. • tvöfaldað og helmingað tölu. • lesið, skrifað og borið saman tölur upp í 100. • lýst og haldið áfram með talnamynstur. • þekkt hvað einkennir sléttar tölur og oddatölur. 	Kaflapróf Tímaverkefni

		<ul style="list-style-type: none"> • leyst samlagningar- og frádráttardæmi með tölum upp í 100. 	
Rúmfræði	Sproti 2b Osma	Nemandi getur ... <ul style="list-style-type: none"> • flokkað einföld tvívíðu og þrívíðu form. • borið kennsl á hvenær er um speglun að ræða og notað hana. • búið til og haldið áfram með einföld mynstur 	Kaflapróf Tímaverkefni
Mælingar	Sproti 2a og 2b	Nemandi getur ... <ul style="list-style-type: none"> • borið saman lengdir og flatarmál bæði með ágiskun og mælingu. • þekkt og notað íslenskar myntir upp í 100 kr. • þekkt heiti vikudaganna og mánaðanna og röð þeirra. • lesið heila og hálfra tíma af hefðbundinni klukku. 	Kaflapróf Tímaverkefni
Tölfræði	Sproti 2a	Nemandi getur ... <ul style="list-style-type: none"> • safnað gögnum og flokkað þau í viðeigandi flokka. • sýnt niðurstöður gagna í súluritum og lesið úr töflum og einföldum súluritum. 	Kaflapróf Tímaverkefni

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Jakobína Gunnarsdóttir Michelsen

